


Safnað var saman jarðlagupplýsingum úr fjöldamörgum borholum af höfuðborgarsvæðinu í þeim tilgangi að útbúa þrívítt jarðlagalíkan af efstu 300 m jarðlagastaflans.

Jarðlagalíkanið sýnir Reykjavíkurgrágrýtið, Elliðavogslögin og mislægið undir þeim vel, en mörk jarðvegshulu og Reykjavíkurgrágrýtis eru illa skilgreind á svæðum þar sem fáar borholur eru til staðar til að ákvarða lagmótin. Það veldur því að sums staðar virðist jarðvegshulan of þykk. Neðan við Elliðavogslögin koma ýmist basalt eða móbergsríkar syrpur upp undir það vegna 4-8° halla þeirra jarðlaga til ASA.


Góð upplausn og nákvæmni er í kringum stofnbrautirnar Miklubraut og Sæbraut, sem og milli Laugarnesssvæðisins, Elliðaárdals og að einhverju leyti Seltjarnarness vegna fjölda holna og þéttleika gagna en utan þeirra reynist erfiðara að tengja holurnar. Því verður líkanið að teljast ónákvæmt eða villandi til jaðrana þangað til frekari gagnaöflun hefur átt sér stað. Þrjú þversnið þar sem gagnabéttleiki þótti mjög góður eru birt í skýrslunni.

Gagnaöflun með holusjá (e. optical televiewer) fór fram í holu ÁN-04 á Álfanesi og veitti hún mikilvæga innsýn í legu jarðlaganna til suðvesturs.

Líkanið og gagnasafnið sem því fylgir er góður grunnur fyrir frekari vinnu í framtíðinni. Hægt væri að vinna líkanið á meira dýpi og einnig skerpa á gögnum í útjöðrum þess.



Mynd af sniðnu líkaninu neðan Elliðavogslaganna, frá Seltjarnarnesi (vinstri) til Elliðaárdals (hægri). Mörg af dýpri jarðlögum ná upp að nær yfirborði á nesinu. Rauðar línur eru strandlínur og horft er aðeins ofan á líkanið til norðausturs.



Snið úr jarðlagalíkaninu frá Seltjarnarnesi (A) til Hraunbæjar (A').